

**Nd.**

**254. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45, s. d.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43 s. d.), skulu vera í gildi fyrst um sinn til ársloka

1919, með þeim viðauka, að fiskiumbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, eru undanþegnar vörutolli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1918.